

Stefna og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar 2004 - 2010

3. mál

Inngangur

Íslenska Þjóðkirkjan hefur í umboði Kirkjubings og fyrir tilstilli Kirkjuráðs og Biskups Íslands einbeitt sér að stefnumótunarvinnu síðastliðið ár. Þessi vinna hefur miðað að því að draga fram grunnildi Þjóðkirkjunnar og varpa ljósi á grundvöllinn fyrir starfi hennar, hvernig hún geti á sem bestan hátt komið boðskap sínum á framfæri í orði og verki.

Stefnumörkunin sem hér er kynnt er jafnframt niðurstaða um það hvað Þjóðkirkjan vill gera og hvernig hún ætlar að verja kröftum sínum fyrir tímabilið 2004 – 2010. Ætlunarverkinu er lýst í framtíðarsýn Þjóðkirkjunnar, meginstefnu hennar og lykiláherslum í starfinu. Kveðið er nánar á um helstu verkefni Þjóðkirkjunnar og markmið bæði í meginverkefni og stoðþjónustu. Að endingu er fjallað um skipulag á starfsemi Þjóðkirkjunnar og vikið að nauðsynlegum breytingum.

Fremst í skjalinu er framtíðarsýn kirkjunnar og einkunnarorð. Í öðrum hluta skjalsins er sett fram lýsing á hlutverki Þjóðkirkjunnar og stefnu. Í þriðja hluta er vikið að starfseminni, helstu markmiðum, áherslum í starfinu og verkefnum sem vinna skal. Starfseminni er skipti í tvo höfuðflokka, meginverkefni og stoðþjónustu. Fjórði hlutinn snýst um skipulagið. Í viðauka er stutt greinargerð um vinnulagið og verkþættina í stefnumótunarvinnunni.

I. hluti: Framtíðarsýn

1.1 Framtíðarsýn Þjóðkirkjunnar

Þjóðkirkjan er lifandi og kröftug hreyfing fólks sem á samleið í trúnni á Guð sem Jesús Kristur birtir og boðar.

Þjóðkirkjan er sýnilegt, litríkt og vaxandi samfélag sem vekur og nærir kristna trúariðkun og andlegt líf.

Þjóðkirkjan mætir sérhverri manneskju þar sem hún er stödd á lífsleiðinni, veitir liðsinni og skjól.

Þjóðkirkjan er vettvangur samtals í þjóðfélaginu um þýðingarmikil málefni í ljósi kristinnar trúar og siðferðis.

Þjóðkirkjan virkjar fólk í starfi sínu og eflir það til þjónustu við Guð og náungann.

1.2 Einkunnarorð

Biðjandi, boðandi, þjónandi

Einkunnarorð kirkjunnar leggja áherslu á þá meginþætti kirkjulegs starfs að tilbiðja Guð, boða trú á hann og þjóna náunganum í kærleika

1.3 Merki Þjóðkirkjunnar



ÞJÓÐKIRKJAN

Merki kirkjunnar hefur beina skírskotun til táknhefða kirkjunnar. Það sýnir skipið, tákn kirkjunnar, með krossinn á öldum hafsins og einnig fiskinn, hið forna tákn kristinna manna.

II. Hluti: Grundvöllur og hlutverk

2.1 Grundvöllur

Íslenska Þjóðkirkjan er evangelísk lútersk kirkja, hluti hinnar heilögu almennu kirkju er biður, boðar og þjónar í nafni Jesú Krists um heim allan.

Kristin kirkja er fólk sem kallað er til samfélags við Guð og við hvert annað í trú, von og kærleika. Andi Guðs knýr kirkjuna til að boða og vitna um Jesú Krist í orði og verki. Kirkjan byggir á Biblíunni og vitnisburði hinna fyrstu kristnu um hinn krossfesta og upprisna Jesú Krist og þeim lífsviðhorfum sem felast í þeim boðskap.

Kristin kirkja og fólk í landinu hafa átt samleið frá upphafi byggðar. Kristin trú og siður eru samofin sögu þjóðarinnar og eru mótandi afl í samfélaginu. Þjóðkirkjan vill miðla komandi kynslóðum hinum kristna arfi og vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og leiðum í starfi sínu sem helgast af bæn, boðun og þjónustu.

2.2 Hlutverk

Hlutverk Þjóðkirkjunnar er að boða og iðka kristna trú á þann veg að sérhver einstaklingur er tekur á móti boðskapnum um Jesú Krist:

- *Játi trú á Guð, höfund alls lífs, og leiti leiðsagnar hans í lífinu*
 - finni þörf sína fyrir nærveru og gæsku Guðs
 - beri virðingu fyrir sköpun Guðs
 - virði helgi og gildi hverrar manneskju
 - haldi í heiðri boðorð Guðs
- *Trúi á Jesú Krist sem frelsara og fyrirmynd og sýni þá trú í orði og verki*
 - setji traust sitt á Jesú Krist og orð hans
 - beri umhyggju fyrir öðrum sem svar við elsku Guðs
 - iðrist og fyrirgefi eins og Guð fyrirgefur
 - sýni umburðarlyndi og stuðli að réttlæti og friði í samskiptum við annað fólk
- *Styrkist í trú, von og kærleika með hjálp heilags anda*
 - eigi samfélag við Guð í bæn, orði Guðs, skírn og altarisgöngu
 - kynnist krafti og gleði trúarinnar í samfélagi safnaðarins
 - sýni örlæti og hjálpsemi sem svar við góðum gjöfum Guðs
 - eflist í von um eilíft líf með Guði

2.3 Þjóðkirkjan rækir hlutverk sitt með því að:

- boða, biðja og þjóna í helgihaldi,
- fræða um kristna trú og siðferðisgildi,
- sinna kærleiksþjónustu, hjálparstarfi og kristniboði innanlands og utan,
- starfa um land allt í söfnuðum þar sem fjölskyldur og einstaklingar eiga athvarf á stundum gleði og sorgar,
- liðsinna hverjum þeim sem þarfnast stuðnings,
- standa vörð um kristna trúar- og menningararfleifð á Íslandi,
- miðla af reynslu systurkirkna um heim allan.

3. Meginstefna

Elskið hvert annað eins og ég hef elskað yður. (Jóh. 15.12)

Allt starf Þjóðkirkjunnar eflir hana sem kristna hreyfingu og opið samfélag fólks, sem gleður, virkjar, vekur og nærir.

3.1 Þjóðkirkjan er samfélag í trú og tilbeiðslu sem mótast af kærleiksboði Krists. Hún er mannlegt samfélag um andlegan boðskap.

- *Við leggjum áherslu á það að kristin trú þarf að fá að vaxa og þroskast í samfélagi við aðra í helgihaldi kirkjunnar og safnaðarstarfi.*
- *Við viljum efla hið kristna samfélag með því að leggja rækt við persónuleg tengsl, sýna hlýju og gleði.*
- *Við viljum vera opið samfélag sem sýnir skilning, virðingu og umhyggju í verki og vera vakandi fyrir þeim er þarfnast aðstoðar.*
- *Við viljum að boðun kirkjunnar sé skýr og skiljanleg í helgihaldi, fræðslu, þjónustu og öðru starfi.*
- *Við viljum móta lífandi og jákvætt samfélag í kirkjunni og efla og bæta samskipti innan kirkjunnar.*

3.2 Þjóðkirkjan lítur á fjölskylduna sem mikilvægan vettvang trúaruppeldis, vaxtar og þroska.

- *Við viljum styrkja fjölskylduna sem hornstein samfélagsins og kirkjulegs starfs.*
- *Við viljum efla tengsl milli heimilis og kirkju.*
- *Við viljum sérstaklega styðja ungar fjölskyldur.*

3.3 Þjóðkirkjan starfar um allt land og rúmar breiðan hóp fólks á öllum aldri. Starf hennar birtist í opinni almennri þjónustu, í hópstarfi og í þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur.

- *Við viljum stækka þann hóp sem leggur sitt af mörkum til að gera kirkjuna að fjölbreyttu, litríku samfélagi.*
- *Við viljum styrkja starf hópa þar sem ólíkir einstaklingar fá notið sín í gefandi og tryggu samfélagi.*
- *Við leggjum áherslu á að Þjóðkirkjan veitir öllum aðgang að helgihaldi, þjónustu og fræðslu hennar og krefur fólk ekki um trúarafstöðu.*
- *Við viljum styrkja það starf kirkjunnar sem hjálpar fólki að takast á við daglegt líf í gleði og sorg.*
- *Við viljum vera virk í að miðla upplýsingum um starfið inn á við og út á við.*

3.4 Þjóðkirkjan leitar leiða til samstarfs á sem flestum sviðum þar sem færi gefast.

- *Við viljum aukið samstarf presta og safnaða að sameiginlegum verkefnum.*
- *Við viljum að fámennar sóknir sameinist til að gegna betur meginverkefnum sínum og skyldum við söfnuðinn.*
- *Við viljum eiga gott samstarf við aðrar kristnar kirkjur og við önnur trúfélög.*
- *Við viljum að söfnuðir og stofnanir kirkjunnar eigi frumkvæði að samstarfi með félagasamtökum, stofnunum og fyrirtækjum að sameiginlegum markmiðum að hverju þvi sem eflir gott samfélag á Íslandi.*

3.5 Þjóðkirkjan beinir kröftum sínum fyrst og fremst að starfi og þjónustu.

- *Við viljum að fjármunum sé varið í innra starf safnaða í samræmi við hlutverk kirkjunnar.*
- *Við viljum skýra og auka ábyrgð stjórnenda og efla lýðræðislega og faglega stjórnunarhætti.*
- *Við viljum að hagkvæmni og aðhalds sé gætt í framkvæmdum.*
- *Við viljum skilgreina stöðu og hlutverk allra starfseininga kirkjunnar.*

Kirkjan leggur höfuðáherslu á að hún er samfélag og hreyfing sem nærast á orði Guðs, vex og dafnar í kærleika Krists og mætti heilags anda er

knýr hana til góðra verka. Þessi megináhersla hefur áhrif á alla aðra þætti í stefnu hennar.

III. hluti: Starfsemi Þjóðkirkjunnar

Starfsemi kirkjunnar skiptist í meginverkefni og stoðþjónustu.

Meginverkefni eru

- boðun
- helgihald og kirkjutónlist
- kærleiksþjónusta og hjálparstarf
- fræðsla
- menning
- samstarf við aðrar kirkjur

Stoðþjónustan varðar

- fjármál
- húsnæði og aðstöðu
- starfsmannamál
- upplýsingamál

Meginverkefni

4. Boðun

Létu þeir eigi af að kenna dag hvern í helgidóminum og í heimahúsum og boða fagnaðarerindið um, að Jesús sé Kristur. (Post 5:42)

Með boðun er átt við alla boðun kirkjunnar í orði og verki, innan kirkjuhúss og utan, boðskapinn sjálfan og miðlun hans.

4.1 Markmið

Boðun kirkjunnar hefur það að markmiði að söfnuðurinn tileinki sér fagnaðarerindið um Jesú Krist og að trúin á hann móti líf fólks og samskipti. Boðun er bæði fólgin í orðum og í verkum, í góðvild og umhyggju í daglegu lífi. Boðunin verður að vera skiljanleg og flytja erindi Kristis inn í aðstæður einstaklings og samfélags á hverjum tíma. Við viljum að kirkjan nýti sér nýjar leiðir jafnt í prédikun sem og í öðru boðunarstarfi.

4.2 Verkefni

- *Við viljum bæta predikun kirkjunnar. Stefnt verði að*
 - Predikun sem ávallt taki mið af áheyrendum,
 - Málvari í predikun sem eigi jafnt við um karla og konur,
 - Aukinni fjölbreytni í prédikunarformum,
 - Hópvinnu presta um predikun bæði sín á milli og með söfnuði,
 - Símenntun og þjálfun fyrir prédikara
 - Umræðum eftir messu um prédikunina.

- *Við teljum að kirkjulegar athafnir, skírn, ferming, hjónavígsla og útfarir séu mikilvægur þáttur í boðun, bæði hvað varðar undirbúning og eftirfylgd. Því skal leggja áherslu á að*
 - Auka vægi viðtals við foreldra skírnarbarna,
 - Vinna markvisst með fjölskyldu fermingarbarna,
 - Nýta betur hjónavígslusamtal og styðja nýgift hjón,
 - Styrkja sálægslu við andlát og útför og eftirfylgd með syrgjendum.

- *Við viljum leggja áherslu á kristið manngildi, réttlæti, heiðarleika og ábyrgð sérhvers manns. Við viljum*
 - Eiga frumkvæði að því að nýta tækifæri varðandi fjölmenningsamfélagið,
 - Svара andlegri þörf fólks á öld efnishyggju,
 - Halda fram kristnum gildum og siðgæði.

5. Helgihald og kirkjutónlist

Gangið inn um hlið hans með lofsöng, í forgarða hans með sálmum, lofið hann, vegsamið nafn hans. (Sálm. 100:4)

Með helgihaldi er átt við allar athafnir safnaðarins þar sem helgihald fer fram, þar með talið almennar guðsþjónustur, bænastundir, sunnudagaskóla, skírn, hjónavígslur og jarðarfarir.

Með kirkjutónlist er einkum átt við tónlist helgihaldsins, bæði tón presta og forsöngvara, sálma og undirleik.

5.1 Markmið

Markmið helgihalds Þjóðkirkjunnar er að næra samfélag Guðs og manns og samfélag þeirra er tilbiðja Guð. Við viljum að helgihald sé reglulega í hverri sókn og söfnuðurinn taki virkan þátt í því. Við viljum að guðsþjónusta helgidagsins sé eflð sem reglubundin iðkun, að hún veiti aðgengilegt og hlýtt skjól og athvarf, og vekir og nærir trú og kærleika. Við viljum að helgihaldið sé fjölbreytt og höfði til allra. Við viljum auka fjölbreytni í kirkjutónlist og listiðkun í helgihaldi.

5.2 Verkefni

- *Við viljum að söfnuðurinn axli aukna ábyrgð í helgihaldinu og að sem flestir séu virkir hverju sinni.*
 - Efla ber almennan safnaðarsöng
 - Tengja þarf smærri hópa innan safnaðarins betur við helgihaldið og hina almennu guðsþjónustu. Hér er t.d. átt við, bænahópa, biblíuleshópa, alfa-hópa og, fólk í sérstökum aðstæðum.
 - Virkja hópa til þátttöku í helgihaldi með því að fela þeim ábyrgð og verkefni.
 - Þjóða námskeið um helgihald fyrir leiðtoga og stjórnendur hópastarfs og kóra.
- *Við viljum að hlýlegt viðmót, lotning og virðing móti allt helgihald kirkjunnar.*
 - Efla þarf samfélag helgihaldsins bæði með því að taka vel á móti þeim sem koma og bjóða upp á samræður eftir helgistundina.
 - Friður, helgi og gleði einkenni guðsþjónustuna.
 - Fólk finni skjól og griðastað í helgihaldi.
- *Við viljum auka fjölbreytni í kirkjutónlist og listiðkun í helgihaldi.*
 - Styðja kórastarf innan kirkjunnar
 - Huga skal að fjölbreyttari tónlist og hljóðfæravali við helgihald.
 - Hvetja skal söfnuði til að nýta sér það efni sem gefið er út um helgihald og kirkjutónlist.
- *Við viljum nýta þá möguleika sem messuformið býður upp á og læra af því sem vel hefur tekist, auka fjölbreytni í helgihaldi og kanna nýjar leiðir.*
 - Lögð sé áhersla á að sem flestir njóti helgihaldsins.
 - Tekið sé tillit til allra aldurshópa.
 - Tekið sé tillit til ólíkra þarfa þeirra sem sækja messuna.

- *Við viljum virkja sóknarbörn við bænagjörð í helgihaldi.*
 - Bænir í guðsþjónustum taki mið af bænarefnum þeirra sem viðstödd eru, sem og almennum þakkar- og áhyggjuefnum hverju sinni.
 - Bænastundir og fyrirbænir séu virkur þáttur í starfi safnaða.

- *Við viljum að söfnuðir líti sérstaklega til samvinnu við aðrar sóknir, stofnanir og skóla varðandi helgihald og tónlist. Þar má hafa í huga:*
 - Gagnkvæmar heimsóknir safnaða,
 - Sameiginleg verkefni,
 - Sameiginlegar hátíðir,
 - Samvinnu starfsfólks safnaða.

6. Kærleikspjónusta og hjálparstarf

Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig, (Matt. 25:35)

Með kærleikspjónustu er átt við það hlutverk kirkjunnar að bera umhyggju fyrir náunganum og koma honum til hjálpar.

6.1 Markmið

Þjónusta kirkjunnar birtir kristna trú og kærleika í verki. Hún þjónar í anda Jesú Krists þeim sem þarfnast hjálpar. Kirkjan hlustar eftir þörfinni og leitar þeirra sem helst þarfnast umhyggju og stuðnings. Kirkjan starfar með öðrum sem sinna hjálparstarfi og líknarþjónustu og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi á sviði sálgæslu, áfallahjálpar og aðhlynningar sjúkra.

6.2 Verkefni

- *Við viljum leita uppi og styðja með virkum hætti hópa eða einstaklinga í hverri sókn sem skortir stuðning og samfélag en njóta ekki sérþjónustu kirkjunnar. Þessir hópar eru meðal annars:*
 - Einstæðingar,
 - Einstæðir foreldrar,
 - Langveikir og aðstandendur þeirra,
 - Fólki sem þarfnast áfallahjálpar,
 - Þolendur eineltis,
 - Fólki sem glímur við misnotkun vímuefna og afleiðingar hennar.
- *Við viljum efla kærleikspjónustu í samstarfi við aðra er beinist að öldruðum, einmana og sjúkum, meðal annars með því að:*
 - Virkja söfnuðinn í heimsóknarþjónustu og þjálfa sjálfbóðaliða,
 - Styrkja stöðu sálgæslunnar innan sjúkrastofnana og hjúkrunarheimila.
- *Við viljum styðja við og efla sálgæslu og leggja áherslu á:*
 - Stuðning við syrgjendur,
 - Ungar fjölskyldur og barnafólk,
 - Hjón og fólk í sambúð.
- *Við viljum efla vitund safnaða um hjálparstarf og kristniboð og ábyrgð þeirra á því með því að:*
 - Leggja áherslu á að gefa af tíma sínum og fjármunum í þágu starfsins,
 - Sóknir taki að sér einstök verkefni hérlendis eða erlendis,
 - Sóknir sinni fjárhagsaðstoð við fátæka í samstarfi við aðra sem að því koma.

7. Fræðsla

Þau ræktu trúlega uppfræðslu postulanna og samfélagið, brotning brauðsins og bænirnar. (Post 2:42)

Með fræðslu er hér átt við það fræðslustarf sem unnið er í söfnuðum kirkjunnar sem og skipulagningu fræðslumála og útgáfustarfsemi í tengslum við þau.

7.1 Markmið

Fræðsla kirkjunnar hefur það að markmiði að styrkja hvert og eitt okkar til þess að öðlast dýpri skilning á kristinni trú og þroskast sem manneskjur. Við viljum að fræðslan sé heildstæð og nái til fólks á öllum æviskeiðum. Við viljum horfa sérstaklega til þeirra sem ala upp komandi kynslóðir og styðja þau í því verki að koma börnum til manns í trú, von og kærleika.

7.2 Verkefni

- *Við viljum móta heildstæða fræðslustefnu og sinna fræðslustarfi sem leggur áherslu á samfylgd frá vöggu til grafar.*
 - Í öllum sóknum kirkjunnar sé boðið upp á barnastarf, unglिंगastarf og fullorðinsfræðslu.
 - Skilgreindar séu skyldur Þjóðkirkjunnar varðandi fræðslu um trú og hefðir í ljósi þeirrar fræðslu sem veitt er í skólakerfinu.
- *Við viljum auka samstarf við aðra aðila samfélagsins, meðal annars við*
 - Leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla,
 - Þau sem sinna menntun kennara og annarra er sinna uppeldismálum,
 - Leita eftir samstarfi við kennara,
 - Styðja kennara í kristinfræði,
 - Menntamálaráðuneyti,
 - Þau sem sinna forvarnarstarfi í vímuevörnum,
 - Aðra þá aðila sem sinna fræðslu.
- *Við viljum styrkja það hópastarf sem eflir trúarlegan og andlegan þroska einstaklingsins, samskipti og líðan. Má þar nefna:*
 - Hópa sem stuðla að sjálfsstyrkingu,
 - Tólf spora starf,
 - Hjónastarf,
 - Kyrrðardaga.
- *Við viljum styðja foreldra í uppeldishlutverki sínu hvarvetna þar sem kirkja og foreldrar mætast. Við leggjum áherslu á eftirtalda þætti:*
 - Skírnarfræðslu,
 - Foreldramorgna,
 - Námskeið um uppeldi í trú,
 - Stuðning við bænalíf á heimilum.

- *Við viljum ná betur til ungs fólks, í skóla eða utan, með erindi kristinnar trúar. Áfram verði unnið með*
 - Fræðslu um trú og trúarlíf sem miðast sérstaklega við unglínga,
 - Verkefni í lífsleikni fyrir framhaldsskólanema,
 - Verkefni sem styrkja sjálfsmynd ungs fólks.

- *Við viljum gefa út aðgengilegt fræðsluefni um kristna trú, meðal annars um kristin gildi, siðferði og hefðir.*
 - Unnin verði áætlun um útgáfu smárita og vefefnis og annað fjölmiðlunarefni

8. Menning

Með menningu er átt við það starf Þjóðkirkjunnar er snýr að menningar- og listviðburðum en einnig það hlutverk hennar að sinna varðveislu og viðhaldi menningarverðmæta.

8.1 Markmið

Kirkjan er hluti af menningu þjóðarinnar. Hún hefur átt þátt í varðveislu íslenskrar tungu með þýðingu á Biblíunni og reglulegum flutningi trúarlegra texta. Hún sinnir öflugum tónlistarstarfi og nýsköpun á því sviði, í ríkri sönghefð og innlendum og erlendum sálmaarfi. Með varðveislu og viðhaldi gamalla kirkna, kirkjustaða og kirkjumuna og með nýbyggingum kirkna og nýsköpun í kirkjulist leggur hún skerf til menningarsögunnar. Þannig vill Þjóðkirkjan nýta menningu og listir til að koma á framfæri boðskap sínum og virkja og hvetja listamenn til samstarfs.

8.2 Verkefni

- *Við viljum styðja og efla menningarstarf á kristnum grunni í kirkjunni, meðal annars með því að*
 - Styðja við tónlistarstarf og tónleikahald í kirkjum og söfnuðum,
 - Stuðla að og standa fyrir listviðburðum á kirkjulegum vettvangi,
 - Hvetja til listflutnings í helgihaldi, svo sem leiklistar,
 - Vekja athygli á listviðburðum sem tengjast kristinni trú

- *Við viljum stuðla að varðveislu íslensks menningar- og trúararfs í samvinnu við stofnanir og aðra er sinna þeim málum. Hér er meðal annars átt við:*
 - Friðaðar kirkjur og bænahús,
 - Minningarmörk,
 - Fornleifar sem snerta sögu kirkju og kristni,
 - Fornar réttarheimildir í kirkjulögum.

- *Við viljum styðja við menningartengda ferðaþjónustu sem tengist kirkjunni, meðal annars*
 - Helgihald á sögufrægum stöðum,
 - Pílagrímagöngur.

9. Samkirkjustarf

Með samkirkjustarfi er átt við samstarf Þjóðkirkjunnar við önnur kristin trúfélög héraendis og erlendis, þátttöku í alþjóðlegu starfi kirknasamtaka og samstarf við trúfélög sem ekki eru kristin.

9.1 Markmið

Þjóðkirkjan vill efla samstarf við aðrar kristnar kirkjur, héraendis og erlendis og vinna markvisst með öðrum trúfélögum að því að auka skilning, velvild og virðingu milli þeirra.

9.2 Verkefni

- *Við viljum styðja samstarf kristinna trúfélaga. Það gerum við meðal annars með því að*
 - Hvetja til þátttöku í sameiginlegum verkefnum, svo sem árlegri bænavíku og alþjóðlegum bænadegi kvenna, um land allt.
- *Við viljum starfa með kristnum systurkirkjum um heim allan, meðal annars með þátttöku í starfi kirknasamtaka.*
 - Við leggjum áherslu á samstarf og samráð við kirkjur í nágrannalöndum okkar.
 - Við viljum vinna gegn fordómum og stuðla að skilningi og virðingu fyrir öðrum trúarbrögðum sem festa rætur hér á landi.
 - Við leggjum áherslu á samstarf og stuðning við dótturkirkjur íslenska kristniboðsins í Afríku.
- *Við viljum koma á góðum tengslum við talsmenn annarra trúfélaga en kristinna, byggðum á gagnkvæmri virðingu, meðal annars með því að*
 - Efna til samstarfsfunda og fræðslufunda,
 - Halda sameiginlegar ráðstefnur um samskipti trúarbragða,
 - Efla samvinnu við aðra aðila sem starfa að þessum málum.

Stoðþjónusta

10. Fjármál, húsnæði og aðstaða

10.1 Markmið

Kirkjan hafi sjálfræði um fjármál sín og beri ábyrgð á þeim. Við ráðstöfun fjár sé gætt hagkvæmni og réttlætis í samræmi við hlutverk og forgangsroðun Þjóðkirkjunnar. Hver starfseining þarf að ná þeirri lágmarksstærð og því fjárhagslega bolmagni að hún geti sinnt hlutverki sínu. Hver starfseining beri ábyrgð á fjárhagsáætlun og ráðstöfun fjár. Unnið sé eftir samþykktri fjárhags- og framkvæmdaáætlun og upplýsingar um fjárhagsstöðu séu aðgengilegar.

10.2 Verkefni

- *Tekjur, Lögbundnar og samningsbundnar*
 - Skýrt verði að fjárframlög ríkisins til kirkjunnar séu endurgjald fyrir verðmæti og þjónustu.
 - Ljúka samkomulagi við ríkisvaldið um fjármál kirkjunnar.
 - Ráðstafa eignum sem ekki gegna lengur hlutverki samkvæmt meginmarkmiðum.

- *Sértekjur*
 - Breytt verði fyrirkomulagi á greiðslum fyrir prestsverk.
 - Kannað verði hvort sóknarkirkjur og stofnanir kirkjunnar eigi að auka eða fella niður sérstakt gjald fyrir ýmsa þjónustu, aðra en prestsverk.
 - Kannað verði hvort möguleikar séu á stuðningi fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til almenns rekstrar eða sérverkefna.
 - Kannað verði hvort vilji sé fyrir hendi að taka upp samskot í messum sem fastan lið.

- *Gjöld, ráðstöfun*
 - Kannað verði hvort ákvörðunarvald og ábyrgð á ráðstöfun fjár skuli færast nær vettvangi verkefna.
 - Sóknir og stofnanir endurmeti forgangsroðun og dreifingu fjármuna í samræmi við stefnumótun kirkjunnar.
 - Könnuð verði skipting fjár milli framkvæmda við fasteignir og starfs í sóknum.
 - Kannað verði hvort nýbyggingar kirkna megi fjármagna með öðrum hætti en nú er þannig að sóknargjöld standi fyrst og fremst undir launum og daglegum rekstri sóknar.
 - Útbúið verði rekstarlíkan fyrir sóknir.

- *Ráðgjöf, sameining og samstarf*
 - Sinnt verði fjármála- og rekstrarráðgjöf við sóknir er þess þarfnast og vilja þiggja þá þjónustu.
 - Litlar einingar leiti eftir samstarfi um þjónustu eða úrlausn verkefna eða sameinist til þess að uppfylla skyldur sínar í samræmi við megináherslur í stefnumótun kirkjunnar.
 - Kannað verði hvort sameina beri stærri sjóði kirkjunnar.
 - Kannað verði hvort þörf sé á að veita sóknum aukna þjónustu, meðal annars með því að stofna launaskrifstofu kirkjunnar er annist launagreiðslur sókna, presta, starfsmanna og stofnana.

- *Húsnæði og aðstaða*
 - Húsnæði, aðstaða og búnaður hvernar starfseiningar sé með þeim hætti að henni sé gert kleift að sinna hlutverki sínu. Nýting húsnæðis verði ávallt sem best.
 - Unnið verði að gerð staðla fyrir nýbyggingar kirkna og safnaðarheimila.
 - Aðgengi fatlaðra verði bætt.
 - Stuðlað verði að samstarfi og samnýtingu milli safnaða í húsnæðismálum.
 - Staða friðaðra kirkna verði endurskoðuð í samráði við stjórnvöld.

11. Starfsmannamál

11.1 Markmið

Þjóðkirkjan vill hafa á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki. Hún vill skapa því góð starfsskilyrði og möguleika til að vaxa og dafna í starfi. Kirkjan vill vera góður vinnustaður, þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis.

11.2 Verkefni

- *Kirkjan einbeiti sér að því að auka samstarf milli starfseininga, presta og annars starfsfólks.*
 - Dregið verði úr einangrun og einyrkjastörfum presta með aukinni samvinnu.
 - Auka ber samstarf milli sókna og prestakalla meðal annars með sameiginlegum átaksverkefnum og fræðsluverkefnum.
- *Kanna ber hvort fara skuli nýjar leiðir í afleysingaþjónustu til að gera hana sem virkasta og raunhæfasta.*
- *Stefnt sé að auknu sjálfbodaliðastarfi í söfnuðum og hlíð að þeim sem sinna því með því að*
 - Þjóða námskeið og þjálfun,
 - Vera opin fyrir hugmyndum sjálfbodaliða um nýjungar í starfi,
 - Veita sjálfbodaliðum viðurkenningu og umbun.
- *Starfsmannaviðtöl skulu fara fram árlega til að styðja og styrkja starfsfólkið.*
 - Skilgreint skal hverjum beri að sinna starfsmannaviðtölum.
 - Unnið skal að því að veita þeim þjálfun sem sinna starfsmannaviðtölum.
- *Þjóðkirkjan veiti starfsfólki sínu starfsþjálfun, gefi því kost á endur- og símenntun og styrki fólk í starfi með faghandleiðslu og sálgæslu eftir því sem kostur er.*
 - Festa skal enn frekar í sessi starfshandleiðslu presta og djákna.
 - Handleiðsla verði í boði fyrir annað starfsfólk kirkjunnar.
 - Símenntun skal aukin.
- *Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur og skyldur við fjölskylduna.*
 - Gefinn skal kostur á breyttu starfshlutfalli og sveigjanlegum vinnutíma vegna fjölskylduábyrgðar, ef kostur er.
- *Útbúa skal starfslýsingu fyrir öll launuð störf innan kirkjunnar.*
- *Kirkjan kappkostar að ágreiningsmál séu leyst skjótt og vel.*

12. Upplýsingamál

12.1 Markmið

Upplýsingamiðlun Þjóðkirkjunnar hefur það að markmiði að tryggja aðgengi að upplýsingum um kristna trú, trúarlíf og iðkun, um Þjóðkirkjuna og starfsemi hennar. Kirkjan hafi frumkvæði í að koma á framfæri upplýsingum og efni og nýti sér ólíka miðla til að kynna hið fjölbreytilega starf sitt, þjónustu og hlutverk. Við leggjum áherslu á skýr skilaboð og málfar.

12.2 Verkefni

- *Marka skal heildstæða stefnu bæði í innri og ytri upplýsingamiðlun og samskiptum.*
 - Efla skal upplýsingamiðlun kirkjunnar.
 - Efla ber almannatengsl.
 - Leggja ber áherslu á samvinnu prófastsdæma og sókna.
 - Efla þarf möguleika starfsfólks til að koma á framfæri upplýsingum og auðvelda samskipti innan kirkjunnar og út á við.
- *Þjálfra skal kirkjufólk í upplýsingamiðlun, bæði í notkun miðla og samskiptum inn á við í starfi kirkjunnar og út á við í samskiptum við fjölmiðla.*
 - Efla kynningu á starfi kirkjunnar með markvissri nýtingu á vef kirkjunnar, fréttabréfum og staðbundnum miðlum.
 - Virkja sóknarbörn í kynningarstarfi innan sóknarinnar.
- *Styðja við og efla helgihald í fjölmiðlum og leita nýrra leiða við miðlun kristins boðskapar, meðal annars með*
 - Barnaefni í útvarpi og sjónvarpi,
 - Stuttum íhugunum í útvarpi,
 - Vefútsendingum.
- *Draga þarf fram í dagsljósið trúarlegt efni í fjölmiðlum, þar á meðal vefritum sem og bókmenntum og kvikmyndum. Hér er meðal annars átt við*
 - Menningartengt efni,
 - Fræðslu um hugmyndafræði trúarbragða og sögur af trú,
 - Trúarreynslu.
- *Stefnt sé að því að allt efni sem Þjóðkirkjan gefur út sé líka aðgengilegt á vefnum. Kirkjan sé virk í að nýta nýja upplýsinga- og samskiptatækni til miðlunar og samræðu. Þar er meðal annars átt við:*
 - Samfélagsvefi - gagnvirkt fræðsluefni,
 - Útsendingar á helgihaldi yfir netið,
 - Tölvuleiki á netinu,
 - SMS guðspjallstexta og bænir,
 - Trúarlegt efni á vefnum / trúarlegar efnisveitur.

IV. Hluti

13. Skipulag Þjóðkirkjunnar

Með skipulagi er átt við þann hluta starfsramma Þjóðkirkjunnar sem birtist meðal annars í lögum er Alþingi setur, reglugerðum ráðuneyta, starfsreglum Kirkjubings, samþykktum og stefnum innan kirkjunnar er varðar skipulagið. Undir það fellur stjórnskipulag, svo og skipurit er sýni boðleiðir og ábyrgð.

13.1 Markmið

Skipulag Þjóðkirkjunnar tryggi framkvæmd stefnunnar og virkni í starfi kirkjunnar. Það stuðli að einingu og stöðugleika, en sé jafnframt réttlátt, trúverðugt og sveigjanlegt. Stjórnskipulag kirkjunnar sýni með skýrum hætti ábyrgð og boðleiðir. Það þjóni ætíð hlutverki og markmiðum Þjóðkirkjunnar og sé bæði skilvirkt og árangursríkt. Þjóðkirkjan sé ábyrg og myndug.

13.2 Verkefni

- *Einfalda löggjöf*
 - Einfalda skal löggjöf eins og kostur er.
 - Einfalda skal reglugerðir og starfsreglur.
- *Efla og skilgreina sjálfræði kirkjunnar*
 - Um ráðstöfun fjár,
 - Í starfsmannamálum,
 - Um starf kirkjunnar og skipulag.
- *Þróa skal skipulag kirkjunnar þannig að hlutverk og staða allra starfseininga séu vel skilgreind og umsýsla og stjórnun þeirra skilvirk. Til þess þarf að:*
 - Skilgreina tilgang og meginverkefni eininganna,
 - Skilgreina markhópa og þörf fyrir þjónustuna,
 - Gera starfslýsingar
 - Setja starfsreglur ef nauðsyn krefur.
- *Auka ber samhæfingu og samvinnu innan kirkjunnar með því að*
 - Þróa skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma
 - Skilgreina grunnþjónustu sóknar og prestakalls svo og sérþjónustu.
 - Nýta samstarfsmöguleika milli sókna, prestakalla og innan prófastsdæmis,
 - Minni sóknir leiti eftir samstarfi við aðrar sóknir um þjónustu eða úrlausn verkefna eða sameinist til þess að uppfylla skyldur sínar við sóknarbörn.
 - Jafna þjónustubyrði presta,
 - Afmarka starfssvið presta með skýrri starfslýsingu,
 - Auka þátt leikmanna,
 - Efla starf sjálfboðaliða.
- *Skjalavarsla kirkjunnar verði skoðuð í heild, hjá embættum og stofnunum um allt land, til að tryggja sem best varðveislu skjala og samræmda skráningu.*
 - Leiðbeint verði um skjalavörslu sókna og embætta.

- *Efla skal söfnun og úrvinnslu upplýsinga um stöðu og starfsemi kirkjunnar*
 - Með skýrum starfsskýrsluformum,
 - Með árlegum skýrslum allra starfseininga,
 - Með reglulegu mati á starfsemi og þátttöku.

14. VIÐAUKI

Undirbúningur

Kirkjuþing 2002 fól Kirkjuráði að sjá um framkvæmd stefnumótunar Þjóðkirkjunnar og skila tillögum fyrir Kirkjuþing 2003. Kirkjuráð skipaði starfshóp til að fylgja eftir stefnumótunarferlinu. Þar eiga sæti sr. Anna Sigríður Pálsdóttir kirkjuþingsmaður og Sigríður M. Jóhannsdóttir kirkjuráðsmaður, ásamt Halldóri Reynissyni, sviðsstjóra fræðslu- og upplýsingamála. Undirbúningsnefnd á vegum starfshópsins skipuðu svo Halldór Reynisson, Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari og Guðmundur K. Magnússon prófessor. Steinunn A. Björnsdóttir guðfræðingur var ráðinn í hálfstarf sem verkefnisstjóri í janúar. Árni Svanur Daníelsson, vefstjóri Biskupsstofu, hefur starfað með hópnum og séð um uppbyggingu gagnagrunnsins.

Dr. Runólfur Smári Steinþórsson, dósent við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur verið faglegur ráðgjafi verkefnisins og tekið þátt í ferlinu.

Vinnsluferli

Á vinnufundum í desember 2002 og janúar 2003 var undirbúið vinnuhefti fyrir greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnunum, tækifærum og framtíðarsýn. Heftið var sent öllum sóknarnefndum, prestum og ýmsum stofnunum og félagasamtökum innan kirkjunnar í febrúarbyrjun. Svör bárust allt til loka marsmánaðar og voru þau flokkuð og túlkuð í apríl og maí.

Alls tóku 109 hópar þátt í greiningarvinnunni og skiluðu niðurstöðum. Meirihluti svaranna var frá landsbyggðinni, eða 65, en 44 komu frá höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur voru alls 860, 500 frá landsbyggðinni, 360 frá höfuðborgarsvæðinu. Yrðingar voru um 3000 og var hver einasta þeirra greind og flokkuð. Þetta gaf meðal annars færi á tíðnimælingu á svörunum og möguleika á að skoða afmarkaða þætti sérstaklega. Ekki er hægt að draga í efa að þessi svör veita veigamiklar upplýsingar um fólkið í kirkjunni, um starfsmenn og sóknarbörn, sóknarnefndarfólk og kórfólk svo einhverjir svarenda séu nefndir.

Að auki voru metin svör frá prestastefnu 2002 þar sem um 120 prestar og djáknar tóku þátt í greiningarvinnu. Kynning fór fram á héraðsfundum og sérstökum kynningarfundum um land allt, leikmannastefnu 2003 og prestastefnu 2003. Ef færi gafst voru fundargestir beðnir að vinna frekar með niðurstöður greiningarinnar og gefa frekari hugmyndir um útfærslu á þeim. Undirbúningur að skilgreiningu á hlutverki kirkjunnar var unninn á prófastafundi í Skálholti í mars 2003. Biskupafundur gekk síðan frá tillögum um hlutverkslýsingu fyrir prestastefnu 2003 þar sem áfram var unnið með hlutverk Þjóðkirkjunnar og framtíðarsýn. Þar var líka farið yfir helstu flokka greiningarinnar og settar fram hugmyndir um úrvinnslu í samræmi við niðurstöður hennar.

Alls tóku rúmlega 1000 manns þátt í stefnumótunarferlinu og er þetta líklega fjölmennasta stefnumótunarvinna sem farið hefur fram á Íslandi.

Síðsumars voru þræðir stefnumótunarvinnunnar dregnir saman og stefnuskjal mótað. Starfshópur og undirbúningshópur komu að því ferli auk sviðsstjóra og fleira starfsfólks á Biskupsstofu. Skjalið var kynnt Kirkjuráði í september.

Við ritun stefnuskjals hefur verið lögð áhersla á að byggja sem mest á niðurstöðum greiningarinnar og viðbrögðum við henni. Með því var reynt að tryggja að stefnumótun Þjóðkirkjunnar marki stefnu sem allt það fólk sem tilheyrir kirkjunni geti tileinkað sér og tekið undir.

Greinargerð

Íslenska Þjóðkirkjan hefur í umboði Kirkjubings og fyrir tilstilli Kirkjuráðs og Biskups Íslands einbeitt sér að stefnumótunarvinnu síðastliðið ár. Þessi vinna hefur miðað að því að draga fram grunnildi Þjóðkirkjunnar og varpa ljósi á grundvöllinn fyrir starfi hennar, hvernig hún geti á sem bestan hátt komið boðskap sínum á framfæri í orði og verki.

Stefnumörkunin sem hér er til umræðu og afgreiðslu er jafnframt niðurstaða um það hvað Þjóðkirkjan vill gera og hvernig hún ætlar að verja kröftum sínum fyrir tímabilið 2004 – 2010.

Skjalið fylgir hér með í heild sinni. Þar er ætlunarverkinu lýst í framtíðarsýn Þjóðkirkjunnar, meginstefnu hennar og lykiláherslum í starfinu. Kveðið er nánar á um helstu verkefni Þjóðkirkjunnar og markmið bæði í meginverkefni og stoðþjónustu. Að endingu er fjallað um skipulag á starfsemi Þjóðkirkjunnar og vikið að nauðsynlegum breytingum.

Fremst í skjalinu er framtíðarsýn kirkjunnar og einkunnarorð. Í fyrsta hluta skjalsins er sett fram lýsing á hlutverki Þjóðkirkjunnar og stefnu. Í öðrum hluta er vikið að starfseminni, helstu markmiðum, áherslum í starfinu og verkefnum sem vinna skal. Starfseminni er skipti í tvo höfuðflokka, meginverkefni og stoðþjónustu. Þriðji hlutinn snýst um skipulagið. Í viðauka er stutt greinargerð um vinnulagið og verkþættina í stefnumótunarvinnunni.

Tillaga Kirkjuráðs er að skipta stefnu Þjóðkirkjunnar á tímabilinu 2004-2010 niður í fimm aðalverkefni eða áherslur sem byggð eru á meginstefnunni. Hvert verkefni nær yfir tvö ár og hefur þrjár meginþætti, þ.e. undirbúning, framkvæmd og mat. Þessi verkefni eru eftirfarandi og skiptast niður á árin sem hér segir:

2004-2005	Samfélag - í trú og gleði
2005-2006	Heimili - vettvangur trúaruppeldis
2006-2007	Fjölþætt þjónusta – opin, virk og gefandi
2007-2008	Aukið samstarf - inn á við og út á við
2008-2009	Umgjörð þjónustunnar - stjórnun og starfseiningar

Síðasta árið, þ.e. árið 2010, hafi nokkra sérstöðu, þá fari fram heildarmat á stefnunni.

Enda þótt megináherslan verði á eitt verkefni í senn, verður þegar í byrjun stefnuáttaksins hafist handa við að ýta úr vör öðrum verkefnum og undirbúa í samræmi við þá leið sem valin verður til að hrinda stefnunni í framkvæmd, undir yfirstjórn biskups og Kirkjuráðs.

Auk sérframlags til hvers verkefnis mun Kirkjuráð sérstaklega líta til ofangreindra meginverkefna við gerð fjárhagsáætlana Kristnisjóðs og annarra sjóða og fjárveitinga til stofnana og starfseininga sem leita ásjár Kirkjuráðs.

Mikilvægt er að hver starfseining tileinki sér stefnuna, áherslur og einstaka verkefni, ígrundi grundvöllinn og markmið Þjóðkirkjunnar og sjái þar tækifæri til að eflast og bæta þjónustuna m.a. með því að gera hana markvissari. Starfseiningar, sóknir og

stofnanir aðlagi meginstefnu og verkefni að þeim aðstæðum sem hver og ein starfseining býr við.

Hér er í fyrsta sinn lögð fram tillaga að stefnu fyrir Þjóðkirkjuna þar sem sameinast er um heildstæða áætlun og áherslur sem ber að leggja sérstaka rækt við á tilteknu árabili og meta að því loknu hvernig til hafi tekist. Stefnan er byggð á grunni álits og mats hundruða manna og kvenna innan kirkjunnar.

Stefnur hafa verið til innan kirkju okkar í annarri mynd. Biskupar hafa ritað hirðisbréf sem vissulega má skoða sem stefnur þeirra. En þau bréf hafa ekki hlotið þá umfjöllun sem stefnur stofnana og fyrirtækja gera, og skipa þannig ekki sama sess. Samþykktir prestastefnu, leikmannastefnu, safnaðarfunda, héraðsfunda, samþykktir kirkjuráðs og kirkjuþinga uppfylla heldur ekki þessa kröfu um heildarstefnu sem hér er til umræðu.

Kirkjuþing hefur samþykkt mörg góð stefnumál í einstaka málaflokkum og er það vel. Má þar nefna fjölskyldustefnu, vímuvarnarstefnu, jafnréttisstefnu, starfsmannstefnu og stefnumörkun um framtíðarskipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Framundan er vinna við að marka stefnu í samskiptum kirkju og skóla, í þjónustu við aldraða og er gerð grein fyrir þeirri vinnu í skýrslu Kirkjuráðs á þessu þingi. Stofnanir kirkjunnar hafa séð þörfina fyrir að skerpa verkefni sín með slíkri stefnumótunavinnu og sumar hyggast hefjast handa fljótlega. Eðlilegt er að slík vinna verði skoðuð í ljósi þessarar heildarstefnu.

Til þess að áhrif stefnunnar verði sem mest og víðtækust þurfa allar stofnanir og starfseiningar kirkjunnar að stefna í sömu átt, út frá þeim grundvallarsjónarmiðum sem hér eru kynnt. Við viljum beina kröftum okkar og fjármunum kirkjunnar þangað sem við viljum að kirkjan okkar hasli sér völl, þar sem hún á erindi við fólkið í landinu.

Það er von kirkjuráðs að skjalið fái góða umfjöllun hér á þessu Kirkjuþingi og marki upphaf nýs farsælt skrefs í starfi Þjóðkirkjunnar.

Að tillögu allsherjarnefndar var málið afgreitt, með breytingum nefndarinnar, eins og það birtist hér að framan, með eftirfarandi

Ályktun

Kirkjuþing 2003 samþykkir stefnu og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar fyrir árin 2004 – 2010 svo sem fram kemur í meðfylgjandi skjali (“Stefna og starfsáherslur Þjóðkirkjunnar 2004-2010”).

Kirkjuþing samþykkir að framkvæmdin verði með þeirri forgangsröðun sem var í greinargerð í upphaflegri tillögu (sjá fylgiskjal).

Kirkjuþing felur Biskupi Íslands og Kirkjuráði framkvæmd stefnunnar. Kirkjuþing hvetur sóknir, stofnanir og embætti til að tileinka sér þessa stefnu og stuðla að því að hún nái fram að ganga.